



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/427*  
*komudagur 2.12.2003*

Hólaskóla, 1. des. 2003

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, 19. mál.**

Sérstæð íslensk náttúra er eitt stærsta aðráttarafl erlendra ferðamanna og mikilvæg auðlind sem íslensk ferðaþjónusta byggir á. Miklu skiptir að standa vörð um þessa auðlind með nýtingu á skipulagðan hátt þannig að náttúran bíði ekki skaða af landnýtingu. Vanhugsaðar aðgerðir, sem og aðgerðaleyfi geta leitt til þess að forsendur fyrir ferðaþjónustu á grundvelli sérstæðrar náttúru, bresti. Friðlýsing Jökulsár og alls hennar vatnasvæðis ásamt vandlega unninni stefnumótun um uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu er mikilvæg forsenda sjálfbærrar þróunar ferðaþjónustu á svæðinu.

Uppbygging svæðisins við Jökulsá á Fjöllum er jafnframt mikilvægt fyrir ferðaþjónustu í landinu í heild. Það er mikilvægur liður í sjálfbærri nýtingu náttúruþerla í þágu ferðaþjónustu að ferðamenn dreifist sem mest um landið, þannig að álag á einstaka staði verði lágmarkað. Friðlýsing Jökulsár ásamt frekari uppbyggingu í Þjóðgarðinum skapar sterkt aðráttarafl fyrir ferðafólk á Norðausturlandi og er mikilvæg viðbót í áfangastöðum við Mývatnssvæðið, sem er einn þekktasti áfangastaður erlendra ferðamanna á Íslandi.

Friðlýsing vekur athygli á náttúruþerlunni og gildi hennar, bæði innanlands og utan. Það eykur á gildi friðlýsingarinnar að hún nær til alls vatnasvæðisins því þannig er borin virðing fyrir heildarsamhengi og ferlum náttúrunnar. Með friðlýsingu er hægt að hafa áhrif á umgengni og aðgengi að svæðinu með framtíðarhagsmunum í huga, en friðlýsing þýðir ekki að almenningi sé bannaður aðgangur að viðkomandi svæði. Jafnframt er friðlýsingin skuldbinding um verndun náttúrunnar og að þannig sé um hnútana búið að ekki hljóti tjón af umferð fólks um svæðið. Þannig þjónar friðlýsing langtímahagsmunum ferðaþjónustunnar.

Virðingarfyllt

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

Deildarstjóri Ferðamálaeildar Hólaskóla